



Stjórn Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („bankinn“), hefur á grundvelli heimildar sem henni var veitt á hluthafafundi bankans þann 30. júní 2025 samþykkt svofellda:

KAUPRÉTTARÁÆTLUN

í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
(„kaupréttaráætlunin“)

1 TILGANGUR OG MARKMIÐ

- 1.1 Tilgangur og markmið kaupréttaráætlunarinnar er að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímamarkmið bankans og dótturfélaga hans („samstæðan“).
- 1.2 Kaupréttaráætlunin er gerð í samræmi við starfskjarastefnu bankans.
- 1.3 Starfsfólki samstæðunnar gefst þannig kostur á að gera samning um ávinnslu kaupréttar á hlutum í bankanum í samræmi við ákvæði kaupréttaráætlunarinnar.

2 KAUPRÉTTARHAFAR

- 2.1 Fastráðið starfsfólk Íslandsbanka og þeirra dótturfélaga sem eru hluti af kjarnastarfsemi bankans, með þeim undantekningum sem að neðan greinir, falla undir kaupréttaráætlunina og teljast kaupréttarhafar í skilningi hennar.
- 2.2 Réttur kaupréttarhafa samkvæmt kaupréttarsamningi, sem fellur undir kaupréttaráætlunina, skal vera sá sami fyrir allt starfsfólk samstæðunnar, óháð starfsaldri, starfsábyrgð eða launastigi.
- 2.3 Fastráðið starfsfólk er með ótímabundinn ráðningarsamning við bankann, og hefur skuldbundið sig til þess að starfa, sem launþegar, fyrir bankann gegn endurgjaldi.
- 2.4 Kaupréttaráætlunin nær ekki til verktaka sem starfa fyrir bankann, starfsfólks sem ráðið er til skamms tíma eða stjórnarmanna bankans. Þá nær kaupréttaráætlunin ekki til þess starfsfólks sem vegna laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra reglna mega ekki eiga hluti í bankanum eða stunda viðskipti með slíka hluti.
- 2.5 Heimilt er að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk sem er fastráðið eftir innleiðingu kaupréttaráætlunarinnar að því gefnu að gerð slíkra kaupréttarsamninga rúmist innan þeirrar heimildar sem stjórn hefur til að gera kaupréttarsamninga. Ávinnsla slíkra kaupréttar skal hefjast frá og með næsta ávinnsludegi, eins og hann er skilgreindur í grein 4.1 að neðan, eftir að hið fasta ráðningarsamband hófst og (i) þar til kaupréttaráætlunin rennur skeið sitt á enda eða (ii) þar til kaupréttarhafi lýkur störfum.
- 2.6 Bankinn hyggst kynna kaupréttaráætlunina fyrir væntanlegum kaupréttarhöfum á sérstökum fundi eða fjarfundarkynningu og verður slíkri kynningu fylgt eftir með tölvupósti.

- 2.7 Kaupréttarsamningar sem gerðir verða við starfsfólk á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar skulu vera skriflegir. Rafræn undirritun á kaupréttarsamning jafngildir skriflegri undirritun.

3 RÉTTINDI OG SKYLDUR

- 3.1 Hlutum keyptum með kaupréttarsamningi á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar fylgja öll sömu réttindi og öðrum hlutum í bankanum.
- 3.2 Í kaupréttarsamningum, gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar, verður kveðið á um að hið skemmsta tólf (12) mánuðir skuli líða frá gerð kaupréttarsamnings og þar til kaupréttur er fyrst nýttur.
- 3.3 Í kaupréttarsamningum, gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar, verður jafnframt kveðið á um að kaupréttur sé ekki framseljanlegur og að ekki sé heimilt að veðsetja hann.

4 ÁVINNSLA KAUPRÉTTAR

- 4.1 Kaupréttur hvers kaupréttarhafa ávinnst í allt að fimm áföngum á fimm árum frá gerð kaupréttarsamnings á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar. Ávinnsrudagar eru þessir:
- Þann 6. ágúst 2026 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.
 - Þann 6. ágúst 2027 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.
 - Þann 6. ágúst 2028 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.
 - Þann 6. ágúst 2029 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.
 - Þann 6. ágúst 2030 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.

5 NÝTING KAUPRÉTTAR

- 5.1 Kaupréttarhafar skulu tilkynna um nýtingu kaupréttar sem ávinnst samkvæmt grein 4.1 ár hvert, innan fimmtán (15) daga frá birtingu ársfjórðungsuppgjörs bankans fyrir næstliðinn 2. ársfjórðung. Stjórn bankans skal þá í framhaldi slíkrar tilkynningar afhenda hluti, annað tveggja, með útgáfu nýrra hluta eða afhendingu á eigin hlutum, gegn greiðslu kaupverðs.

6 GILDISTÍMI KAUPRÉTTAR

- 6.1 Ávinnsla kaupréttar samkvæmt kaupréttarsamningi er bundin því skilyrði að kaupréttarhafi sé fastráðinn hjá samstæðunni. Kaupréttarsamningur tekur gildi við undirritun í samræmi við kaupréttaráætlunina og gildir þar til hann rennur út, á síðasta degi sem hægt er að innleysa kaupréttinn eða samkvæmt neðangreindu.

- 6.2 Starfi kaupréttarhafi ekki lengur fyrir samstæðuna fellur kaupréttur hans niður, samanber þó gr. 6.3 og 6.4.
- 6.3 Beri starfslok kaupréttarhafa að vegna aldurs, andláts hans eða vegna þess að hann verður óvinnufær sökum heilsubrests skal kaupréttarhafi, eða dánarbú hans eftir því sem við á, hafa hlutfallslegan áunninn kauprétt, miðað við lok þess mánaðar sem starfslok báru að. Um rétt til að nýta kaupréttinn fer samkvæmt grein 5.
- 6.4 Komi til starfsloka kaupréttarhafa án sakar og/eða án þess að um verulegt brot á ákvæðum ráðningarsamnings milli aðila sé að ræða skal stjórn heimilt að víkja frá reglu greinar 6.2.

7 KAUPVERÐ

- 7.1 Hlutir í bankanum hafa verið teknir til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Kaupverð hluta samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar skal ákvarðað í samræmi við vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf bankans tíu (10) heila viðskiptadaga fyrir undirritunardag viðkomandi kaupréttarsamnings, samanber 4. tölul. 10. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- 7.2 Verði hlutafé bankans breytt vegna samruna eða með útgáfu jöfnunarhluta eða samsvarandi útgáfu hluta, þar með talið skiptingu hluta, áður en kaupréttur er nýttur, að hluta eða öllu leyti, skal útistandandi kaupréttur breytast og kaupverð hluta aðlagð í samræmi við breytingar á hlutafé. [Hið sama á við ef bankinn samþykkir að greiða út arð til hluthafa, sem er umfram arðgreiðslustefnu, í því skyni að lækka eigið fé hans.]
- 7.3 Nýti kaupréttarhafi kauprétt sinn skulu hlutir staðgreiddir með reiðufé.

8 HÁMARK KAUPRÉTTAR

- 8.1 Hámarksupphæð sem hver kaupréttarhafi getur keypt hluti fyrir á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar er kr. 1.500.000 á ári, samanber ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Óheimilt er að safna upp eða fresta innlausn áunnins kaupréttar og fellur óinnleystur kaupréttur niður.

9 EIGNARHALDSTÍMI HLUTABRÉFA

- 9.1 Kaupréttarhöfum er ekki skylt að eiga hluti sem keyptir eru á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar, í ákveðinn tíma, en í kaupréttarsamningi skal vera ábending um lögbundið skilyrði 5. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt um tveggja ára lágmarks eignarhaldstíma frá nýtingu kaupréttar. Ef skilyrði ákvæðisins um lágmarks eignarhaldstíma eru ekki uppfyllt telst mismunur kaupverðs samkvæmt kaupréttarsamningi og markaðsverð við innlausn kaupréttarins til skattskyldra tekna sem launatekjur.

10 HEIMILD TIL NIÐURFELLINGAR KAUPRÉTTARÁÆTLUNAR

- 10.1 Stjórn bankans skal vera heimilt að fella kaupréttaráætlunina niður í heild í eftirfarandi tilvikum:

- a) við samruna bankans við félag utan samstæðu bankans;
- b) komi til þess að verulegur hluti bankans eða samstæðu bankans verði seldur;
- c) komi til endurskipulagningar fjárhags, afturköllunar starfsleyfis, greiðslustöðvunar, skipunar bráðabirgðastjórnar eða slitameðferðar bankans;
- d) fyrirséð er að bankinn uppfylli ekki kröfur um eiginfjárgrunn, eiginfjárauka eða mat á eiginfjárbörf samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki eða kröfur um laust fé.
- e) ef bankinn hlýtur lán til þrautavara frá seðlabanka eða sambærilega fjárhagsaðstoð;
- f) í öðrum tilfellum, mæli ríkar ástæður með því.

10.2 Taki stjórn ákvörðun um niðurfellingu kaupréttaráætlunarinnar falla niður öll réttindi og skyldur sem af kaupréttaráætluninni má leiða án þess að sú ákvörðun leiði til bótaábyrgðar fyrir bankann.

11 STAÐFESTING RÍKISSKATTSTJÓRA

11.1 Kaupréttaráætlunin er háð staðfestingu ríkisskattstjóra og verður hún því borin undir embættið til staðfestingar í samræmi við 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, áður en hún tekur gildi.

12 TILKYNNINGAR

12.1 Allar tilkynningar á grundvelli kaupréttarsamninga skulu vera skriflegar á netfangið kauprettarsamningar@islandsbanki.is .

13 FYRIRVARI UM ÚTGÁFU EÐA KAUP Á HLUTUM

13.1 Kaupréttaráætlunin, kaupréttarsamningar gerðir á grundvelli hennar og skuldbindingar bankans gagnvart kaupréttarhöfum eru ávallt bundnar skilyrði um að bankinn geti afhent hluti til að efna samninga, annað tveggja með útgáfu nýrra hluta eða afhendingu eigin hluta.

14 SAMÞYKKT KAUPRÉTTARÁÆTLUNAR

14.1 Stjórn bankans samþykkti kaupréttaráætlunina á stjórnarfundum þann 30. júní 2025 og því til staðfestu ritar stjórnarformaður undir kaupréttaráætlunina með rafrænni undirritun fyrir hönd stjórnar.

Rafræn undirritun
Linda Jónsdóttir,
stjórnarformaður

ÞESSI KAUPRÉTTARSAMNINGUR („samningurinn“) er gerður á milli:

- (1) **Íslandsbanka hf.**, kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („**bankinn**“ eða „**Íslandsbanki**“), og
- (2) þess kaupréttarhafa sem undirritar samninginn („**kaupréttarhafi**“),
sameiginlega vísað til sem „**aðila**“.

1. INNGANGUR

- 1.1 Samningurinn er gerður á grundvelli kaupréttaráætlunar sem stjórn Íslandsbanka samþykkti á fundi sínum þann 30. júní 2025 og staðfest var af ríkisskattstjóra þann [*].

2. SKILGREININGAR

- 2.1 Leiði annað ekki skýrlega af samhenginu skulu hugtök sem skilgreind eru í þessari grein hafa eftirfarandi merkingu í samningnum:

„**ávinnslundagar**“ merkja 6. ágúst 2026, 6. ágúst 2027, 6. ágúst 2028, 6. ágúst 2029 og 6. ágúst 2030.

„**innlausnartilkynning**“ merkir tilkynningu sem kaupréttarhafi sendir bankanum þess efnis að hann ákveði að nýta sér kauprétt samkvæmt samningnum;

„**innlausnartímabil**“ merkja fimm (5) mismunandi árleg fimmtán (15) daga tímabil sem hefjast á þeim degi þegar ársfjórðungsuppgjör bankans fyrir næstliðinn annan ársfjórðung er birt.

„**innlausnarverð**“ merkir vegið meðalverð í viðskiptum með hluti í bankanum tíu (10) heila viðskiptadaga fyrir dagsetningu samnings þessa og kann að breytast eins og nánar er kveðið á um í grein 6.2.

„**kaupréttaráætlun**“ merkir þá kaupréttaráætlun sem stjórn bankans hefur samþykkt og ríkisskattstjóri staðfest.

„**kaupréttarhafi**“ merkir þann starfsmann samstæðu bankans sem undirritar samning þennan.

„**kaupréttur**“ merkir rétt kaupréttarhafa til þess að kaupa hluti í bankanum á ákveðnum tíma á fyrirfram ákveðnu gengi eins og nánar er tilgreint í grein 3.1.

„**samstæða bankans**“ merkir bankann og dótturfélög hans á hverjum tíma.

„**viðskiptadagur**“ merkir þann dag (annan en laugardag og sunnudag) þegar viðskiptabankar eru almennt opnir á Íslandi.

3. VEITING KAUPRÉTTAR

- 3.1 Bankinn veitir hér með kaupréttarhafa rétt til þess að kaupa hluti í bankanum fyrir allt að kr. 7.500.000 á fimm ára tímabili, þó að hámarki kr. 1.500.000 á ári, eins og nánar er kveðið á um í grein 4.1. Fjöldi hluta leiðir af innlausnarverði hluta.

4. ÁVINNSLA KAUPRÉTTAR

- 4.1 Kaupréttarhafi ávinnur sér kauprétt yfir tiltekið tímabil á ávinnsrudögum sem eru þessir:
- (a) Þann 6. ágúst 2026 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.
 - (b) Þann 6. ágúst 2027 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.
 - (c) Þann 6. ágúst 2028 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.
 - (d) Þann 6. ágúst 2029 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.
 - (e) Þann 6. ágúst 2030 ávinnur kaupréttarhafi sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 1.500.000 og að lágmarki kr. 100.000.

5. NÝTING KAUPRÉTTAR

- 5.1 Í samræmi við 3. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 skulu að lágmarki líða tólf (12) mánuðir frá gerð samningsins þar til kaupréttur er nýttur.
- 5.2 Kjósi kaupréttarhafi að nýta kauprétt sem ávinnst á ávinnsludegi ár hvert, skal hann tilkynna það skriflega til bankans í þar til gert kerfi, eða á netfangið kauprettarsamningar@islandsbanki.is á innlausnartímabili. Í innlausnartilkynningu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
- (a) dagsetning innlausnartilkynningarinnar;
 - (b) hve mikinn hluta áunnins kaupréttar kaupréttarhafi kys að nýta sér; og
 - (c) númer vörslureiknings kaupréttarhafa.
- 5.3 Óheimilt er að færa eða fresta innlausn kaupréttar og skal einungs heimilt að nýta kauprétti miðað við þá daga sem grein 4 kveður á um, sbr. grein 5.2. Þannig getur kaupréttarhafi að hámarki keypt hluti á grundvelli samningsins fyrir kr. 1.500.000 á ári, miðað við skilgreint kaupverð, sbr. ákvæði 7. tl. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- 5.4 Þrátt fyrir framangreint kann kaupréttarhafa að vera óheimilt að nýta sér kauprétt sinn, til dæmis vegna ákvæða laga eða reglna um meðferð innherjaupplýsinga og innherjasvik. Í

slíkum tilvikum skal nýting heimil strax og slíkt bann hættir að eiga við um viðkomandi kaupréttarhafa.

6. KAUPVERÐ

- 6.1 Innlausnarverð hvers hlutar byggist á þeim reglum sem mælt er fyrir um í 10. gr. laga nr. 90/2003 og skal vera kr. [*] fyrir hvern hlut, sem jafngildir vegnu meðalverði í viðskiptum með hluti í bankanum tíu (10) heila viðskiptadaga fyrir dagsetningu samnings þessa, sbr. 4. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003.
- 6.2 Verði hlutafé bankans breytt vegna samruna eða með útgáfu jöfnunarhluta eða samsvarandi útgáfu hluta, þar með talið skiptingu hluta, áður en kaupréttur er nýttur, að hluta eða öllu leyti, skal útistandandi kaupréttur breytast og kaupverð hluta aðlagað í samræmi við breytingar á hlutafé. Hið sama á við ef bankinn samþykkir að greiða út arð til hluthafa, sem er umfram arðgreiðslustefnu, í því skyni að lækka eigið fé hans.
- 6.3 Kaupverð skal staðgreitt á þeim degi þegar kaupréttarhafi innleysir kauprétt sinn gegn afhendingu hlutanna.
- 6.4 Stjórn bankans skal í framhaldi innlausnartilkynningar afhenda hluti, annað tveggja með útgáfu nýrra hluta eða afhendingu á eigin hlutum.

7. EIGNARHALDSTÍMI

- 7.1 Kaupréttarhafi er ekki skuldbundinn til að eiga hlutina að kaupum liðnum en ákvæði laga eða reglna um meðferð innherjaupplýsinga og innherjasvik kunna þó að koma í veg fyrir sölu á tilteknum tíma, sbr. grein 5.4.
- 7.2 Athygli kaupréttarhafa er vakin á að kvöð er um að kaupréttarhafi eigi innleysta hluti í tvö ár hið skemmsta samkvæmt 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, hyggist kaupréttarhafi nýta sér skattalega ívilnun þá sem felst í ákvæðinu, sbr. grein 12.

8. STARFSLOK

- 8.1 Réttur til nýtingar kaupréttar samkvæmt samningnum er bundinn því skilyrði að kaupréttarhafi sé fastráðinn hjá bankanum. Láti kaupréttarhafi af störfum hjá bankanum á samningstímanum fellur áunninn en óinnleystur kaupréttur niður, sbr. þó greinar 8.2 og 8.3.
- 8.2 Beri starfslok kaupréttarhafa að vegna aldurs, andláts hans eða vegna þess að hann verður óvinnufær sökum heilsubreysts skal kaupréttarhafi, eða dánarbú hans eftir því sem við á, þrátt fyrir grein 8.1, hafa hlutfallslegan áunninn kauprétt, miðað við lok þess mánaðar sem starfslok báru að. Um rétt til að nýta kaupréttinn fer samkvæmt grein 4.
- 8.3 Komi til starfsloka kaupréttarhafa, án sakar og/eða án þess að um verulegt brot á ákvæðum ráðningarsamnings milli aðila sé að ræða skal stjórn heimilt að víkja frá reglu grein 8.1.

- 8.4 Starfslok eða fráfall kaupréttarhafa hefur ekki áhrif á þegar innleystan kauprétt.

9. GILDISTÍMI

- 9.1 Kaupréttarsamningurinn fellur úr gildi á síðasta degi sem kaupréttarhafa er heimilt að tilkynna um nýtingu kaupréttar, sbr. grein 5.2 eða við starfslok kaupréttarhafa hjá bankanum, sbr. grein 8 að ofan, hvort sem kemur á undan.

10. RÉTTARSTAÐA KAUPRÉTTARHAFA

- 10.1 Þeim hlutum sem bankinn afhendir kaupréttarhafa á grundvelli samningsins skulu fylgja öll sömu réttindi og skyldur og öðrum hlutum í bankanum. Allir hlutir sem kaupréttarhafi eignast samkvæmt samningnum skulu gefnir út og afhentir kaupréttarhafa veðbanda- og kvaðalausir.
- 10.2 Kaupréttarhafi öðlast ekki réttarstöðu hluthafa vegna kaupréttar í bankanum fyrr en hlutir hafa verið greiddir og afhentir en með afhendingu er átt við skráningu í hlutaskrá bankans.
- 10.3 Kaupréttarhafa er ekki skylt að nýta áunninn kauprétt. Kaupréttarhafa er heimilt að nýta áunninn kauprétt að hluta að virtu því lágmarki sem kemur fram í grein 4.1.
- 10.4 Kaupréttarhafa er óheimilt framsal á rétti samkvæmt samningnum og verður aðeins innleystur af honum sjálfum.
- 10.1 Veðsetning réttar samkvæmt samningnum eða á innleystum rétti er óheimil. Kaupréttarhafa er þó heimilt að veðsetja þá hluti aðra sem hann eignast eftir nýtingu kaupréttar samkvæmt samningnum.

11. RÉTTARSTAÐA BANKANS

- 11.1 Kaupréttur samkvæmt samningnum takmarkar hvorki rétt bankans til hækkunar eða lækkunar hlutafjár, né til skiptingar eða samruna við annað félag/félög, enda þótt slíkar ráðstafanir kunni að hafa áhrif á kauprétt.
- 11.2 Kaupréttur samkvæmt samningnum takmarkar ekki á neinn hátt rétt bankans til að gera breytingar á starfsemi sinni, svo sem til sölu eigna, fjárfestinga eða lántöku.
- 11.3 Kaupréttaráætlun og samningurinn auk skuldbindinga bankans gagnvart kaupréttarhöfum skulu ávallt vera bundnar því skilyrði að bankinn geti afhent hluti til að efna samninga, annað hvort þannig að bankinn hafi gilda heimild hluthafafundar til að gefa út nýja hluti án þess að forkaupsréttarhafar nýti rétt sinn eða þannig að bankinn hafi yfir að ráða eigin hlutum til afhendingar til kaupréttarhafa. Geti bankinn ekki afhent hluti til að efna kaupréttarsamninga, er honum heimilt að fresta uppgjöri í allt að 12 mánuði, uns slíkrar heimildar hefur verið aflað.
- 11.4 Bankanum er heimilt að afturkalla kauprétt kaupréttarhafa samkvæmt samningnum í heild eða hluta, í eftirfarandi tilvikum:
- a) við samruna bankans við félag utan samstæðu bankans;

- b) komi til þess að verulegur hluti bankans eða samstæðu bankans verði seldur;
 - c) komi til endurskipulagningar fjárhags, afturköllunar starfsleyfis, greiðslustöðvunar, skipunar bráðabirgðastjórnar eða slitameðferðar bankans;
 - d) fyrirséð er að bankinn uppfylli ekki kröfur um eiginfjárgrunn, eiginfjárauka eða mat á eiginfjárbörf samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki eða kröfur um laust fé.
 - e) ef bankinn hlýtur lán til þrautavara frá seðlabanka eða sambærilega fjárhagsaðstoð;
 - f) í öðrum tilfellum, mæli ríkar ástæður með því.
- 11.5 Við niðurfellingu samkvæmt grein 11.4 falla niður réttindi og skyldur sem af kauprétti má leiða án þess að sú ákvörðun leiði til bótaábyrgðar fyrir bankann.

12. SKATTALEGAR SKYLDUR

- 12.1 Kaupréttaráætlun bankans hefur hlotið staðfestingu frá ríkisskattstjóra skv. 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Í því felst að ekki myndast skattskyldar tekjur við innlausn kaupréttar, enda þótt gangverð hluta í bankanum á þeim degi þegar kaupréttarhafi innleysir kauprétt sinn kunni að vera hærra en kaupverð. Selji kaupréttahafi hluti keypta samkvæmt samningnum, að liðnum tveggja ára lágmarks eignarhaldstíma, skattleggst söluhagnaður, þ.e. mismunur söluverðs og lægra kaupverðs, sem fjármagnstekjur. Slíkur söluhagnaður kaupréttarhafa, sem ber ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sætir ekki afdrætti skatts í staðgreiðslu. Skattlagning söluhagnaðarins fer fram eftir á byggt á grundvelli álagningar vegna skattskila. Selji kaupréttarhafi hlutina áður en tveggja ára lágmarks eignarhaldstíma er náð skal greiða tekjuskatt af söluhagnaði vegna kaupréttar.
- 12.2 Bankinn ber ekki ábyrgð á þeim skattalegu afleiðingum sem nýting kaupréttarhafa á kauprétti, eða hvers kyns ráðstafanir á kaupréttinum eða hinum keyptu hlutum, kann að hafa í för með sér.
- 12.3 Kaupréttarhafi skal sjálfur telja fram og greiða skatta af hagnaði sínum við sölu á hlutum sem keyptir eru eða afhentir á grundvelli kaupréttar samkvæmt samningnum í samræmi við gildandi skattalög á hverjum tíma.

13. TILKYNNINGAR

- 13.1 Allar tilkynningar og samskipti í tengslum við samninginn skulu vera á formi tölvupóstar og skulu sendar með sannanlegum hætti. Tilkynningar teljast komnar til viðtakanda ef sendar með tölvupósti, við sendingu, á tölvupóstfangið kauprettarsamningar@islandsbanki.is.

14. ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 14.1 Kaupréttarhafi lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér kaupréttaráætlun bankans og að honum hafi staðið til boða að sækja fræðslu um kaupréttaráætlunina á vegum bankans.



- 14.2 Samninginn ber að skýra og túlka eins og aðilar hafi samið hann sameiginlega og að jöfnu, þar sem þeir hafa báðir þekkingu og reynslu af slíkri samningsgerð. Því skal engin óvissa, óskýrleiki eða vafi skýrð öðrum hvorum aðila samningsins í óhag á þeirri forsendu að hann hafi samið samninginn.
- 14.3 Engar breytingar verða gerðar á samningnum nema skriflega og með samþykki beggja aðila.
- 14.4 Samningurinn er undirritaður rafrænt í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019. Samningurinn tekur gildi við undirritun og telst sá dagur vera „samningsdagur“ sbr. 4. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

15. LÖG OG LÖGSAGA

- 15.1 Um samninginn gilda íslensk lög.
- 15.2 Komi upp ágreiningur um efni samningsins, efndir eða annað sem við kemur samskiptum aðila í tengslum við samninginn, þá skulu aðilar leitast eftir því að leysa ágreininginn með samkomulagi sín á milli í góðri trú. Takist ekki að leysa ágreininginn með samkomulagi skal hann lagður í úrskurð gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður þremur mönnum. Hvor aðili um sig skal tilnefna einn gerðarmann, en leitað skal til Héraðsdóms Reykjavíkur eftir tilnefningu þriðja gerðardómsmannsins, sem jafnframt skal vera formaður gerðardómsins. Kostnaður af starfi gerðardómsins greiðist af bankanum.
- 15.3 Um störf gerðardóms fer eftir ákvæðum laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma.